

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
b.t. Stellu Rúnarsdóttur
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 30. september 2021
UST202109-099/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag – frístundabyggð – Öndverðarnes 2

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. er barst 10. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Öndverðarnes 2 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið nær til parts úr jörðinni Öndverðarnes 2 en þar er gert ráð fyrir frístundabyggð með að hámarki þremur húsum. Skipulagssvæðið er 11.600 m² að stærð.

Sérstök vernd

Umhverfisstofnun bendir á að skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://serstokvernd.ni.is>) er á skipulagssvæðinu forsögulegt hraun (Álftarhólshraun) og gjall- og klepragígur (Álftarhóll) sem falla undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufríbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni eða gígum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Skv. kortasjá Landmælinga Íslands virðist svæðið vera gróið að mestu leyti. Umhverfisstofnun bendir þó á að eldhraun sem er að öllu leyti hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar, hafi sérstakt verndargildi.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að svæðinu sé lýst í tillögunni og að verndargildi hraunsvæðanna séu metin áður en ráðist er í framkvæmdir.

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur